

**Stjórnarfundur**  
**FORMA**  
**nr. 6**  
**2009 – 2010**

Staður: Gamli skóli

Dags: 14. apríl 2010

Tími: kl. 17:00

Mætt: Þórleifur Stefán Björnsson, Herdís Ívarsdóttir, Arnfríður Kjartansdóttir, Anna Richardsdóttir, Elín E. Magnúsdóttir, Hrefna Laufey Ingólfssdóttir, Ívar Ragnarsson og Unnar Vilhjálmsson Félagsmálafulltrúi MA.

**1. Fundarsetning**

Þórleifur setti fund og stjórnaði honum.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar (24.feb.) borin upp til samþykktar og hún samþykkt.

**3. Unnar Vilhjálmsson.**

Unnar sagði frá ráðstefnu Lýðheilsustofnunar um heilsueflandi skóla. Þar kom ma. fram að 20% nemenda í 10. bekk drekka áfengi einu sinni eða oftari í mánuði og 40% nemenda í 1. bekk framhaldsskóla. Samstarf unglingsins, skólans og foreldra er lykilatriði í vörnum gegn hverskonar vímuefnanotkun unglinga. Sýnt hefur verið fram á línulega fylgni á milli íþróttaiðkunar, tónlistarnáms o.s.frv. og námsárangurs. Öll seinkun á notkun vímuefna minkar brottfall úr skóla. Hollusta í mál og gott skólanesti eykur námsárangur.

**4. Samskipti Forma við skólastjórnendur MA.**

Rætt var um niðurfellingu skólastjórnar MA á árlegum skálaferðum (hópeflisferðum) 1. bekkinga, en skálaferðirnar voru eitt af því sem stjórn Hugins bað Forma sérstaklega um að beita sér fyrir að yrðu teknar upp aftur. Forma hafa borist upplýsingar um að ráðning forvarnarfulltrúa við MA hafi verið blásin af.

Fulltrúar Forma munu ræða þessi mál sérstaklega við skólastjórnina, sem og málefni er varða heimavistina t.d. opinn tíma á nettengingu í 24 klst. á sólarhring og aðkomu hasshunds að vistinni.

**5. Skipan nýrrar stjórnar Forma veturinn 2010/2011.**

Ljóst er að Þórleifur, Anna og Hrefna munu ganga úr stjórn Forma á næsta fundi og þarf því að finna þrjá nýja fulltrúa í stjórnina að því gefnu að aðrir stjórnarmenn gefi kost á sér áfram. Málið tekið upp á næsta fundi.

**6. Samantekt af forvarnarkvöldinu 18. mars.**

Almenn ánægja var með kvöldið.

Ræddur sá möguleiki að hafa sambærilegan fund á næsta ári og þá hugsanlega á laugardegi til að koma til móts við foreldra sem eiga um lengri veg að sækja.

Næsti fundur boðaður síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið upp úr kl. 18.00

Ívar Ragnarsson  
ritari